

Svar

mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Hildi Sverrisdóttur um sjóði á vegum ráðuneytisins og stofnana þess.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvaða sjóði starfrækja ráðuneytið og stofnanir þess?
2. Hver fer með umsýslu hvers sjóðs?
3. Hvaða lög og reglur gilda um útdeilingu fjármuna úr hverjum sjóði?
4. Hvað kostaði að starfrækja hvern sjóð árið 2022?
5. Hver var kostnaðurinn við að starfrækja hvern sjóð í hlutfalli við þá fjármuni sem var úthlutað úr sjóðnum árið 2022?

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir sjóði ráðuneytisins:

Heiti sjóðs	Umsýsluaðili	Lög og reglur	Kostnaður 2022 í kr.	Úthlutun 2022 í kr.	Hlutfall kostnaðar
Sprotasjóður	Rannís	Lög um leikskóla, nr. 90/2008, lög um grunnskóla, nr. 91/2008 og lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Reglugerð um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla, nr. 242/2009.	4.562.481	52.961.661	8,60%
Þróunarsjóður námsgagna	Rannís	Lög um námsgögn, nr. 71/2007. Reglugerð um þróunarsjóð námsgagna, nr. 1268/2007.	4.614.059	55.000.000	8,40%
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF)	Rannís	-	2.588.450	29.494.840	8,80%
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla	Rannís	Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Reglugerð um námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla, nr. 762/2010.	3.712.243	451.926.591	0,80%
Vinnustaðanámssjóður	Rannís	Lög um vinnustaðanámssjóð, nr. 71/2012.	19.607.229	249.709.164	7,90%
Æskulýðssjóður	Rannís	Æskulýðslög, nr. 70/2007	1.627.056	7.417.056	21,90%
Ferðasjóður íþróttafélaga	Íþróttá- og ólympíusamband Íslands	Vinnureglur ÍSÍ, staðfestar af mennta- og barnamálaráðuneytinu, varðandi úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga.	-	126.900.000	-
Íþróttasjóður	Rannís	Íþróttalög, nr. 64/1998. Reglugerð um Íþróttasjóð, nr. 803/2008.	2.408.872	19.004.991	12,70%